

Erindi Albínu Huldar Pálsdóttur dags. 16. ágúst 2023, um umferðaröryggi við Suðurlandsbraut.

Sæl

Ég ákvað að senda erindi á íbúaráð Háaleitis og Bústaða og Laugardals eftir bílveltuna á Suðurlandsbraut.

Ég heima á Háaleitisbraut og hjóla reglulega á hjólastígnum meðfram Suðurlandsbraut og hef hingað til valið þá leið frekar en Ármúla þar sem ég hélt að ég og börnin mín værum öruggari á aðgreindum hjólastíg. En í ljósi þess að núna hafa verið tvær alvarlegar bílveltur á 11 mánaða tímabili sem enda inni á hjólastígnum þá er ég ekki lengur viss um að það sé rétt.

Ég skora á íbúaráð að taka þetta fyrir og fara fram á að gripið verði til aðgerða til þess að tryggja öryggi óvarðra vegfarenda á þessum mikið notaða hjóla- og göngustíg. Það er greinilega eitthvað að veghönnuninni þarna sem er brýnt að laga. Það er líka full ástæða til þess að lækka hámarkshraða á Suðurlandsbraut niður í 40 eða jafnvel 30 km.

Ég vil bara vera örugg þegar ég hjóla með krakkana mína í sund í Laugardalslaug.

Frétt um bílveltuna í gær 15. október 2023

<https://www.visir.is/g/20232450674d/bil-velta-a-sudur-lands-braut>

Frétt um bílveltuna 4. október 2022

<https://www.visir.is/g/20222319563d/alvarlegt-bilslys-a-sudur-lands-braut>

Í leit minni rakst ég á þetta á heimasíðu Lögreglunnar

<https://www.logreglan.is/hradakstur-a-sudurlandsbraut/>

Kveðja,

Albína Hulda Pálsdóttir íbúi á Háaleitisbraut sem fer flestra ferða sinna hjólandi